

**Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)
við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS-HÍ)**

Yfirlit um starfsemi ársins 2010-11

Ábyrgðarmaður Sólveig Jakobsdóttir

Kynning á aðalfundi RANNUM 15.mars 2011

Stjórn RANNUM var tilnefnd á aðalfundi stofunnar 12.mars 2010 og samanstóð eins og áður af tveimur fulltrúum fagraðs í upplýsingatækni og miðlun við HÍ (Sólveigu Jakobsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur), einum starfsmanni HÍ utan Menntavísindasviðs (Ágústu Pálsdóttur) og fulltrúum stuðningsaðila stofunnar (Sjöfn Þórðardóttur f. h.

Heimilis og skóla og Sólveigu Friðriksdóttur f.h. 3f – félags um upplýsingatækni og menntun). Sólveig Jakobsdóttir var áfram í forstöðuhlutverki fyrir stofuna. Haldnir hafa verið fimm stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi 18.5., 23.6., 21.9., 14.12., og 25.1. Nú eru 40 einstaklingar aðilar að stofunni¹. Þar af bættust við fjórir doktorsnemar á Menntavísindasviði í ársbyrjun 2011. Auk þess eru Heimili og skóli og 3f stuðningsaðilar áfram.

Starfi á vegum RANNUM á árinu 2010-11 má skipta í eftirfarandi þætti:

- Málstofur og hádegisverðarfundir
- Ráðstefnur og málþing
- Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni
- Vefmál, kynningarstarf og áframhaldandi þróun tengslanets
- Fræðsla

Málstofur og hádegisverðarfundir

Áfram voru málstofur á vegum RANNUM í hádegi á þriðjudögum. Voru samtals fimm haldnar. Í fjórum tilvikum var um að ræða fyrirlestra með aðkomu nemenda og/eða kennara við HÍ: einn doktorsnemi, einn meistarnemi, einn nýútskrifaður B.Ed. nemi og einn kennari. Í einu tilviki var um að ræða fræðimann við HA. Glærur, upptökur og annað tengt efni hefur í sumum tilvikum verið gert aðgengilegt á vef RANNUM.

Á vormisseri 2010 var boðið upp á þrjár málstofur.

- 23.2. Rafrænt einelti – Kristrún Birgisdóttir f.h. SAFT verkefnisins.
- 23.3. Kennsla í upplýsingalæsi á háskólastigi – Astrid Margrét Magnúsdóttir á upplýsingasviði HA
- 13.4. Söfnun, úrvinnsla og miðlun rannsóknarniðurstaðna með notkun vefsins – Kristján Ketill Stefánsson stundakennari og doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ

Á haustmisseri 2010 var boðið upp á tvær málstofur í september og nóvember en október málstofan féll niður vegna þátttöku í Menntakviku-ráðtefnunni 22.10. sjá nánari upplýsingar í næsta kafla. Þá var óvenju mikið lagt í nóvember málstofuna á Degi íslenskrar tungu þegar Tungumálatorgið var formlega opnað að viðstöddu fjölmenni.

- 21.9. DIVIS – Evrópuverkefni um notkun myndbandagerða – í samvinnu við Rannsóknarstofu um nám og kennslu erlendra tungumála – Michael Dal og ýmsir erlendir þátttakendur í DIVIS verkefninu.
- 16.11. Tungumálatorgið – Þorbjörg Þorsteinsdóttir og Brynhildur Ragnarsdóttir – haldið á Degi íslenskrar tungu á eftir dagskrá á vegum íslenskukennara við HÍ.

Á vormisseri 2011 eru fyrirhugaðar fimm málstofur þar af er búið að halda þær fyrstu þrjár þegar þessi skýrsla er rituð:

- 25.1. Kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla – Þuríður Jóhannsdóttir
- 22.2. Wikipedia – einn áratugur – Salvör Gissurardóttir
- 15.3. Ungt fólk og netið: Viðhorf til öryggis og netsamskipta – málstofa í samstarfi við SAFT - Einar Norðfjörð, fulltrúi í ungmennaráði SAFT og nemandi við Mennaskólann Hraðbraut.
- Gert ráð fyrir málstofu á vegum 3f 12.4. og málstofu um samkenntu á Menntavísindasviði 10.5. (Sólveig og Þuríður)

Þátttaka hefur verið misjafnlega góð. Væntanlega þarf að gera átak í kynningarmálum og hafa dagskrá tilbúna með lengri fyrirvara.

¹ Sjá vef <http://skrif.hi.is/rannum/um-stofuna/stofnadilar/>

RANNUM tók ennfremur þátt í, að frumkvæði Salvarar Gissurardóttur, að skipuleggja „Wiki-vöku“ 15. janúar í tilefni af 10 ára afmælis Wikipedia. <http://skrif.hi.is/rannum/2011/01/19/wikipedia-10-ara-15-jan/>. Salvör sá um alla skipulagningu og voru níu einstaklingar með framlög, sjá <http://ten.wikipedia.org/wiki/Reykjavik>

Ráðstefnur og málþing

RANNUM tók þátt í undirbúningi Menntakviku-ráðstefnunnar og skipulagði tvær málstofur á ráðstefnunni 22.10. (<http://vefsetur.hi.is/menntakvika/>), með sjö erindum. Boðið var upp á blöndu af efni frá kennurum og framhaldnemum svo og af vettvangi. Þá voru einnig átta veggspjöld á vegum stofunnar, þar á meðal veggspjald sem kynnti RANNUM. Málstofurnar voru vel sóttar og m.a. voru margir framhaldsnemendur á námskeiðinu. Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun sem mættu á málstofuna en ein staðlota námskeiðsins var tengd við ráðstefnuna.

Erindi:

- Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum – Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir
- Rafrænt skólasamstarf – Evrópskt skólasamstarf í leikskólanum Furugrund - Fjóra Þorvaldsdóttir, sérkennslustjóri
- „Þetta er náttúrulega heimur nemendanna ...“: upplýsingatækni og miðlun í kennslu – notkun og viðhorf dönskukennara í framhaldsskólum - Ingibjörg S. Helgadóttir, framhaldsskólakennari
- Þróun í upplýsingahegðun varðandi heilsu og lífsstíl: Samanburður á niðurstöðum frá 2002 og 2007 - Ágústa Pálsdóttir, prófessor, HÍ
- Landfræðilæsi: Eru íslensk ungmenni læs á „umheiminn“? Sólveig Friðriksdóttir, framhaldsskólakennari og Jón Ingvar Kjarran
- Leiðir til að þróa fjarnám og kennslu. Greining á undirrót vandamála og hvað styður þróun - Þuríður Jóhannsdóttir, lektor, HÍ
- Dreifnám er lykillinn að meira samstarfi í menntakerfinu - Sigurbjörg Jóhannesdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Stefanía Kristinsdóttir

Veggspjöld

- RANNUM - Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun Stjórn RANNUM - Sólveig Jakobsdóttir forstöðumaður Kynning á stofunni

Framhaldsnemar

- Hvað segja kennarar? Reynsla og viðhorf framhaldsskólakennara til notkunar upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi - Ásrún Matthíasdóttir, doktorsnemi. Leiðbeinandi: Jón Torfi Jónasson prófessor. Niðurstöður úr doktorsverkefni.
- Intercultural Competences and ICT in Education: Diversity, Social Networks & Learning Communities Gustavo Manuel Pérez Déniz, doktorsnemi. Leiðbeinandi: Sólveig Jakobsdóttir, dósent Áætlun í deiglu um doktorsverkefni
- Upplýsingalæsi - mikilvæg færni í upplýsingaþjófdeilinu - Þórdís T. Þórarinsdóttir. Leiðbeinandi: Ágústa Pálsdóttir. Doktorsverkefni í deiglu.
- Mentor í grunnskólum: Þróun og innleiðing Námsframvindu, nýrrar einingar til að efla faglegt starf kennara Bryndís Ásta Böðvardsdóttir. Leiðbeinandi: Sólveig Jakobsdóttir. Meistaraprófsverkefni (lokið í júní 2010), einnig erindi á Menntakviku
- Farnám (mobile learning) – opnun námsrýmisins út á við Ida M. Semey, meistaraniemi. Leiðbeinandi: Sólveig Jakobsdóttir. Áætlun í deiglu um meistaraverkefni
- Á Fésbók heima í skólastarfi á Íslandi? Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, meistaraniemi. Sólveig Jakobsdóttir Verkefni í lesnámskeiði

Önnur verkefni

- Samkennsla stað- og fjarnema á Menntavísindasviði H. Í Þuríður Jóhannsdóttir Sólveig Jakobsdóttir Áætlun um rannsókn (umsókn lögð fram í rannsóknasjóð HÍ)

Eftirtaldir greinar birtust í kjölfarið í ráðstefnuriti Menntakviku í Netlu:

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010). Fésbók í skólastarfi - boðin eða bannfærð? *Netla - vefúmarit um uppeldi og menntun*, 9(2). <http://netla.khi.is/menntakvika2010/001.pdf>

Ágústa Pálsdóttir. (2010). Heilsa og lífsstíll: Þróun í upplýsingahegðun frá 2002 til 2007. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*, 9(2). <http://netla.khi.is/menntakvika2010/005.pdf>

Bryndís Ásta Bödvarsdóttir. (2010). Mentor í grunnskólum: Þróun og innleiðing Námsframvindu, nýrrar einingar til að efla faglegt starf kennara og styrkja einstaklingsmiðað nám. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*, 9(2). <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/005.pdf>

Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010). Þróun samkennslu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands: rannsóknar- og þróunarverkefni í deiglu. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*, 9(2). <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/030.pdf>

Þá voru einnig greinar í ráðstefnuritinu eftir Torfa Hjartarson (aðila í RANNUM) og Önnu Kristínu Sigurðardóttur; og Freyju Hreinsdóttur (aðila í RANNUM) – sem héldu erindi í öðrum málstofum.

Rannsóknir mat og þróunarstarf, samstarfsverkefni

Starfshættir í grunnskólum

RANNUM hefur áfram tekið virkan þátt í stóru samstarfsverkefni sem fékk styrk frá RANNÍS í ársbyrjun 2009 (<http://skrif.hi.is/starfshaettir>) og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Torfi og Sólveig J. hafa unnið að gagnasöfnun ásamt öðrum rannsakendum í allmörgum skólum um landið (kannanir, viðtöl, myndataka, vettvangsathuganir). Þau sóttu um styrk til verkefnisins úr Rannsóknasjóði HÍ og fengu 500.000 kr. í ársbyrjun 2010 en framhaldsstyrkur fékkst því miður ekki árið 2011. Sólveig leiðbeindi meistaranema Bryndísi Á. Bödvarsdóttur, sem gerði M.Ed. verkefni um þróun og nýtingu Mentor-kerfisins í einum af þáttökuskólanum. Bryndís tók einnig tekið þátt í almennri gagnasöfnun fyrir hönd RANNUM. Nú eru tveir framhaldsnemar í viðbót að gera sín meistaraverkefni tengt starfsháttarannsókninni. Bergþóra Þórhallsdóttir er að skoða áhrif upplýsingatækni og rafrænnar stjórnsýslu á starf skólastjóra og Hildur Óskarsdóttir að skoða viðhorf kennara til tölvuleiksins Raunveruleikurinn sem er notaður í lífsleiknikennslu á unglingsstigi. Þá hefur einnig verið samþykkt að tengja meistaraprófsverkefni Önnu Guðrúnar Sigurvinsdóttur rannsókninni.

RANNÍS umsókn

RANNUM hafði frumkvæði af því að gera áætlun um verkefni sem upphaflega var hugsað eins og framhald af NÁMUST verkefninu (<http://namust.khi.is>). Sótt var aftur um styrk 1.júní 2010 til RANNÍS í rannsóknasjóð fyrir verkefni sem bar heitið LearnNet: ICT in Learning, Teaching & Research – Building and Sustaining a Networking Community of Practice (unnið áfram með umsókn frá 1.okt. 2009). Virkjaður var stór hópur af áhugasömum einstaklingum, kennurum og nenum og fengnir fjölmargir erlendir aðilar til að vera ráðgjafar. Haldnir voru nokkrir undirbúningsfundir á vormisseri. Í verkefninu var m.a. stefnt að því að byggja upp öflugt félagsnet fagfólks og gera starfendarannsókn á þróun þessa félagsnets, skoða uppbyggingu þess, greina og kortleggja í viðleitni til að styrkja tengsl þátttakenda innbyrðis og við erlenda samstarfsaðila og ráðgjafa og þau net sem þeir eru aðilar að. Einnig að reyna að stuðla að myndum teyma eða "hnúta" af samstarfsaðilum, styðja og styrkja samskipti og samvinnu og stuðla að því að deila upplýsingum og að uppbyggingu þekkingar. Mat á verkefninu frá RANNÍS var jákvætt en einungis lítill hluti umsókna fékk styrk þar af ekkert tengt menntavísindum. Rætt hefur verið um að vinna áfram að nýrri RANNÍS umsókn fyrir 1. júní nk. sem tengdist Tungumálatorginu.

Fjarnám á framhalds- og háskólastigi

Sólveig J. og Þuríður gerðu úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við Símenntun-Rannsóknir-Ráðgjöf. Var gögnum safnað meðal stjórnenda, nemenda og kennara þriggja framhaldsskóla með könnunum og viðtölum í apríl og maí 2010 og var skýrsla um úttektina birt á vef ráðuneytisins auk þess sem hún var kynnt á Menntakviku-ráðstefnunni. Um er að ræða fyrstu formlegu útgáfu RANNUM. Tímamót urðu einnig þar sem hluti greiðslu fyrir verkefnið rann til RANNUM, kr. 148.000. Fyrstu peningarnir í kassann!

Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). *Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum*. Reykjavík: RANNUM og SRR Háskóla Íslands. af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_uttekt_2010.pdf

Sólveig J. og Þuríður hafa síðan fengið það verkefni f.h. RANNUM að gera rannsókn um samkennslu við Menntavísindasvið, sjá áætlun í Netlugrein. Menntavísindasvið styrkir rannsóknina. Gögnum verður safnað nú á vormisseri.

Beiðni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti liggur einnig fyrir um annað matsverkefni. Verkerlar í samningagerð eru í endurskoðun innan Háskóla Íslands. Ljóst er að slíkir samningar yrðu gerðir á vegum Menntavísindastofnunar og RANNUM þarf að vera í samstarfi við hana.

Alþjóðleg verkefni

Á vef RANNUM hafa verið birtar yfirlýsingar um áhuga á þátttöku í Evrópuverkefnum, ein almenn og ein tengd Tungumálatorginu. RANNUM var boðið að gerast þátttakandi í umsókn um Leonardo styrk (transfer of innovation) fyrir verkefnið - NET for VET - Best Direction in Developing Advanced E-learning Competences in a Network of VET Teachers. Verkefnisstjórn er í höndum Edustcja sem er pólskt fyrirtæki en um er að ræða sjö samstarfsaðila frá Ungverjalandi, Ítalíu og Bretlandi auk Íslands og Póllands. Gert er ráð fyrir m.a. að Ísland taki að sér að leggja fyrir og vinna úr könnun meðal kennara í „vocational education and training“. Ef styrkur fæst verður Skúlína Kjartansdóttir doktorsnemi á Menntavísindasviði væntanlega aðalstarfsmaður verkefnisins. Önnur fyrirspurn hefur borist um áhuga á að tengjast Evrópuverkefni í fullorðinsfræðslu sem styrkur er kominn í (mál í athugun).

Önnur verkefni

Margt fleira hefur verið í gangi meðal annarra stofn- og stuðningsaðila. Sumir eru að vinna að doktorsverkefnum, aðrir að meistaraverkefnum og einnig hafa háskólakennarar í hópnum verið að stunda rannsóknir og/eða veita nemendum í hópnum leiðsögn. Þann 3. desember varði Þuríður Jóhannsdóttir stjórnarmaður RANNUM doktorsverkefni sitt sem fjallaði um kennaramenntun í fjarnámi og varð þar með fyrsti doktorinn sem útskrifast af Menntavísindasviði HÍ. RANNUM heiðraði Þuríði með gjöf. Þá eru margir að taka þátt í áhugaverðum þróunarverkefnum. Auk þess tekur SAFT þátt í stóru Evrópuverkefni um örugga netnotkun og hefur fengið áframhaldandi styrki í það verkefni.

Þá hefur RANNUM verið falið að leiða samráðshóp við Menntavísindasvið um Tungumálatorgið. Gert er ráð fyrir að verkefni hópsins séu eftirfarandi: a. gera tillögur um snertifleti (kennsla og rannsóknir) milli Tungumálatorgs og Menntavísindasviðs með gagnkvæman ávinning í huga b. skýra fyrirkomulag á bakstuðning eða samráði c. skilgreina mögulegan ávinning og hvað ber að varast d. skilgreina kostnað e. að skoða hugsanlegt samsstarf við aðra aðila. Fulltrúar frá nokkrum öðrum rannsóknarstofum verða með fulltrúa í samráðshópnum.

Vefmál, kynningarstarf og myndun tengslanets

Wordpress vefur hefur verið þróaður áfram (<http://skrif.hi.is/rannum>) en einnig er stofan með vefsvæði frátekið á <http://vefir.hi.is/rannum>. Skjalageymsla er áfram á GoogleDocs. Tengslanetið, sem Sólveig J. og Salvör settu upp, ber heitið Upplýsingatækni og miðlun í menntun – samfélag þeirra sem stunda nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu. Þar eru nú 172 einstaklingar skráðir inn. Þar hafa verið stofnaðir allmargir hópar m.a. fyrir RANNUM en einnig fyrir mismunandi nemahópa eða tengda þemum s.s. fyrir fjarnám og –kennslu. Tengslanetið hefur aðallega verið nýtt fram að þessu til að koma á framfæri upplýsingum um fundi, ráðstefnur, málstofur o.fl. Nú eru um 30 RANNUM aðilar sem hafa skráð sig í RANNUM hópinn og er sendur út póstur og tilkynningar í gegnum kerfið.

Fræðsla

Fræðsluefni um Endnote Web er að finna á RANNUM vefnum sem hefur verið mikið notað og einnig ýmsar aðrar upplýsingar s.s. um rannsóknir og ritgerðir.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu hefur öflugt starf verið unnið á vegum RANNUM. Stofan hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum til að sinna hlutverki sínu sem best. Peningar hafa nú fengist til stofunnar vegna úttektar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skoða þarf áfram möguleika á fjármögnun stofunnar. Á sl ári var sett á laggirnar Menntavísindastofnun sem ætlað er m.a. að styðja rannsóknarstofur og einstaka rannsakendur við skipulag rannsókna og fjármögnunarleiðir. Leitað hefur verið til forstöðumanns stofnunarinnar um ýmis málefni.